

REGLUGERÐ

um Náttúruverndarþing.

1. gr.

Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa í náttúruverndarefnum.

2. gr.

Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

1. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.
2. Einn fulltrúi fyrir hvert af erftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenskra náttúrufræðinga, Hið íslenska náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenskra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Kvenfélaga-samband Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenskra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, náttúruverndarsamtök, er hlotið hafa viðurkenningu Náttúruverndarráðs: Samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarfélag Suðvesturlands, Náttúruverndarsamtök Vesturlands, Vestfirsk náttúruverndarsamtök, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Landssamtökin Líf og land, Skotveiðifélag Íslands, Æðarræktarfélag Íslands, Ferðapjónusta bænda, Landssamband veiðifélaga, Landssamband stanga-veiðifélaga, Félag leiðsögumanna, Landfræðifélagið, Landvarðafélag Íslands, Landssamband hestamanna, Líffræðifélag Íslands, Jarðfræðafélag Íslands og Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd.
3. Þrjú fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði. Tveir fulltrúar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands (einn frá líffræðiskor og annar frá jarðfræðiskor). Einn fulltrúi frá Félagi náttúrufræðinema við Háskóla Íslands.
4. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.
5. Náttúruverndarráð, aðalmenn og varamenn.
6. Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, forstjóri Haf-rannsóknastofnunar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður, fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu, forstjóri Hollustuverndar ríkisins, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, vita- og hafnamálastjóri, forstöðumaður Vinnueftirlits ríkisins, Rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, og rafmagnsveitustjóri.

3. gr.

Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, uns það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutadeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

4. gr.

Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 2. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 156/1984 um Náttúruverndarþing.

Menntamálaráðuneytið, 28. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Pórunn Hafstein.

REGLUGERÐ

um nám kennara sem fullnægja ekki skilyrðum laga nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

1. gr.

Peir sem að loknu skólaárinu 1986-1987 höfðu starfað sem settir kennarar sex ár eða lengur en fullnægja ekki skilyrðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra nr. 48/1986 skulu eiga kost á námi við Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Þessi réttur er óháður því hvert stöðuhlutfall viðkomandi kennara hefur verið.

2. gr.

Peir sem fullnægja skilyrðum 1. gr. hafa rétt til að stunda reglulegt nám við Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Íslands og ljúka þaðan B.Ed. prófi (KHÍ) eða fullgildu prófi frá Háskóla Íslands.

3. gr.

Peir sem eiga rétt á námi við Háskóla Íslands skv. 1. gr. skulu í uppeldisgreinum stunda nám í félagsvísindadeild með öðrum nemendum í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda, enda sé það skipulagt sem sumarnám og/eða með fjarkennslusniði. Í kennslugrein skulu þeir stunda nám í samráði við viðkomandi háskóladeild.

4. gr.

Námið í Kennaraháskóla Íslands skv. 1. gr. skal að jafnaði skipulagt sem sumarnám eða með fjarkennslusniði. Heimilt er að kalla kennara á námskeið að vetrinum ef nauðsynlegt er talið. Skal viðkomandi þá fá leyfi frá kennslustörfum þann tíma sem námskeiðið stendur án þess að dregið sé frá launum hans.

5. gr.

Námið í Kennaraháskólanum skal vera sem hér segir:

1. Peir sem hafa lokið háskólaprófi í kennslugrein grunnskóla skulu ljúka 30 eininga námi í uppeldisgreinum. Fá þeir þá réttindi skv. 4. gr., c-lið, í lögum nr. 48/1986. Einnig fá þeir réttindi í kennslugrein sinni í framhaldsskólum.